

AUGLÝSING

um umferðartakmarkanir í Keflavíkurkaupstað.

Samkvæmt áður gerðum samþykktum bæjarstjórnar Keflavíkur eru eftirfarandi umferðartakmarkanir í Keflavíkurkaupstað í gildi:

Aðalbrautir eru:

Faxabraut milli Hafnargötu og Hringbrautar. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að henni, nema Suðurgötu, en þar er stöðvunarskylda. Biðskylda er á Faxabraut gagnvart umferð um Hringbraut og stöðvunarskylda gagnvart umferð um Hafnargötu.

Hafnargata. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að henni. Stöðvunarskylda er þó við Faxabraut, Víkurbraut, Vatnsnesveg, Tjarnargötu, Vesturgötu og Duusgötu gagnvart umferð um Hafnargötu.

Hringbraut. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að henni.

Vatnsnesvegur. Biðskylda er við allar götur, sem að honum liggja.

Tjarnargata milli Hafnargötu og Hringbrautar. Biðskylda er við allar götur, sem að henni liggja.

Vesturbraut. Biðskylda er við allar götur, sem að henni liggja. Stöðvunarskylda er þó við Duusgötu, þannig að umferð um hana vikur fyrir umferð um Vesturbraut. Biðskylda er á Vesturbraut gagnvart umferð um Hringbraut.

Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Hafnargötu austan götunnar á móts við húsin nr. 59, 77 og 79 og vestan götunnar á móts við húsin nr. 78 og 80, þó er heimilt að stöðva sérleyfishifreiðir á þessum stöðum. Enn fremur eru bifreiðastöður bannaðar vestan götunnar á móts við húsin nr. 30—38.

Einstefnuakstursgötur eru:

Aðalgata ekin í vestur frá Túngötu að Kirkjuvegi.

Klapparstigur ekin í austur.

Þá er og einstefnuakstur á athafnasvæði Sérleyfishifreiða Keflavíkur við Hafnargötu, þannig að ekið er inn á svæðið að norðan og út af því að sunnan.

Hámarks hraði ökutækja í umdæminu er 35 km.

Umferðarmerkjum hefur verið komið fyrir í samræmi við auglýsingu þessa.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 30. desember 1963.

Alfreð Gíslason.